

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 28. mars kl. 13:00 var haldinn 317. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Björn Gíslason í fjarveru Eyþórs Laxdal Arndals, Vala Valtýsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Hildur Björnsdóttir var fjarverandi. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 315, SF 316 og fundargerð stjórnarfundar Orkuveitu Reykjavíkur Eigna lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála, ásamt Bjarna Frey Bjarnasyni, aðstoðarmanni framkvæmdastjóra, mættu til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu fjármála og breytingum á fjárhagsspám vegna breyttra forsendna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28.03.2022, um kaup á nýjum orlofshúsum fyrir starfsfólk samstæðunnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að keypt verði orlofshús fyrir starfsfólk samstæðunnar, í stað húsa við Úlfjótsvatn, sem seld voru á síðasta ári. Annars vegar sumarhúsi í Svínadal og hins vegar íbúð á Siglufirði. Heildarfjárfesting nemur 84 milljónum króna. Einnig samþykkt að heimila prókúruhöfum að undirrita samninga og önnur nauðsynleg skjöl vegna viðskiptanna.

Eyrarskógur 78, 301 Hvalfjarðarsveit fastanr. F2333789 - Kaupverð 46.500.000,- kr.

Íbúð 0203 að Hlíðarvegi 20, 580 Siglufirði – fastanr. F2358139 – Kaupverð 37.500.000,- kr.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 28.03.2022 um prókúruumboð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Benedikt Kjartani Magnússyni, framkvæmdastjóra fjármála, kt. 181176-5209, prókúruumboð og felur honum að tilkynna um það til fyrirtækjaskrár.

Samþykkt samhljóða.

Áhættuskýrsla, dags. 18. 3. 2022 lögð fram.

3. Lagt fram að nýju frá síðasta fundi, frammistöðumat stjórnar á störfum forstjóra. Einnig lagt fram minnisblað starfskjaranefndar, dags. 8. 3. 2022.
4. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2022, þann 28. apríl nk., í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna eða tæplega 1,9% af eigin fé í árslok 2021.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2022-2026.

Samþykkt með öllum atkvæðum nema BG sem situr hjá.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2022.

Samþykkt samhljóða

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2022 verði kr. 195.951,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 54.865,- á fund.

Samþykkt samhljóða.

Fundi frestað kl 14:00 og fundur OR-eigna ohf. settur.

Klukkan 14:10 var fundur settur að nýju.

5. Lagt fram minnisblað dags. 28. 3. 2022 um rýni á mannauðsstefnu, jafnréttisstefnu og siðareglum. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar. Stefnurnar samþykktar óbreyttar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. 3. 2022, um breytingar á starfskjarastefnu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að eftirfarandi breyting verði á Starfskjarastefnu OR:

Við 6. gr. Stjórnir fyrirtækja innan samstæðu OR bætist nýr liður, verður liður iv svohljóðandi:

Starfsmenn samstæðunnar sem jafnframt eru stjórnarmenn í dótturfélögum njóta ekki stjórnarlauna.

Eftir breytinguna verður ákvæði 6. gr. þannig:

- i. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Orkuveitu Reykjavíkur -eigna ohf. gerir árlega tillögu að stjórnarlaunum dótturfélaga til samþykktar á aðalfundum dótturfélaga á grundvelli starfskjarastefnu.*
- ii. Áður en til samþykktar kemur þarf forstjóri að upplýsa stjórn móðurfélagsins um tillöguna til að unnt sé að staðfesta samræmi hennar við stefnu móðurfélagsins.*
- iii. Stjórnarlaun í dótturfélögum OR eiga ekki að vera leiðandi en þó samkeppnishæf að teknu tilliti til þess að fyrirtækið er í eigu opinberra aðila*
- iv. Starfsmenn samstæðunnar sem jafnframt eru stjórnarmenn í dótturfélögum njóta ekki stjórnarlauna.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Einföldun stefna. Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, kynnti hugmyndir að rýni eigendastefnu OR með það markmið að einfalda og sameina stefnur innan samstæðu OR. Umræður.
7. Klukkan 14:40 mætti Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri Þjónustu til fundarins og gerði grein fyrir stöðunni hjá Þjónustu og tækifærum og áskorunum gagnvart viðskiptavinum. Umræður.
8. Elín Smáradóttir kynnti skýrslu regluvarðar fyrir starfsárin 2019, 2020 og 2021. Umræður.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28.03.2022. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn samþykkir eftirfarandi viðmið um það hverjir skuli skráðir á lista OR yfir aðila í stjórnunarstörfum.

Á lista OR yfir aðila í stjórnunarstörfum skal skrá stjórnar- og varastjórnarfolk í samstæðu OR, forstjóra OR og framkvæmdastjóra í samstæðu OR. Einnig skal skrá á listann starfsfolk eftirlitseininga í samstæðu OR en þær eru lögfræðimál, regluvarsla, áhættustýring fjárhagsáhættu og rekstrartengdrar áhættu, endurskoðun, innri sem ytri sem og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Þá skal skrá á lista OR aðra yfirstjórnendur í samstæðu OR sem hafa viðtækan aðgang að gögnum og hafa heimildir til að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á framtíðarþróun og rekstrarhorfur OR.

Til viðbótar við áðurgreinda aðila skal skrá á lista OR, aðila sem eru nákomnir þeim aðilum sem falla undir framangreinda málsgrein og uppfylla viðmið laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Regluvörður upplýsir aðila í stjórnunarstarfi um skráningu viðkomandi á lista OR. Verði viðkomandi ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og aðilar tengdir honum hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu sína og reglur sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Klukkan 15:35 yfirgaf Halldóra Lóa fundinn.

9. Umfjöllun um nýtingu orkukosta og auðlinda hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem óskað var eftir á SF 316 frestað til næsta fundar.

Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 24.03.2022.

10. Farið yfir samantekt frá starfsdegi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, sem haldinn var 4.03.2022. Umræður.
11. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Drög að fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf., dags. 24.03.2022.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. 22.03.2022.

Drög að fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf, dags. 24.03.2022.

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf., dags. 24.03.2022.

Drög að fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf, dags. 23.03.2022.

Minnisblað framkvæmastýru Carbfix ohf., dags. 21.03.2022.

12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundu, dags. 24. 3. 2022. Umræður.
Lagðar fram upplýsingar, dags. 24. 3. 2022 um skipan stjórna dótturfélaga. Samþykkt.
13. Önnur mál.

Valgarður Lyngdal lagði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Undirritaður óskar svara við eftirfarandi fyrirspurn, sem og viðeigandi gagna:

Er í gildi hjá Orkuveitu Reykjavíkur og/eða dótturfélögum hennar stefna varðandi notkun starfsmanna á samfélagsmiðlum og þátttöku þeirra í umræðum og skoðanaskiptum á þeim vettvangi? Ef svo er, hver er þá sú stefna og hvar og hvernig er hún birt og kynnt starfsmönnum?

Einkum er óskað eftir upplýsingum um hvort til staðar sé stefna um eftirfarandi atriði og óskað er sérstaklega svara við þeim:

- 1. Notkun starfsmanna á sínum persónulegu reikningum (t.d. „prófil“ á facebook, twitter, instagram o.s.frv.) við að koma fram opinberlega fyrir hönd OR eða dótturfélaga og veita upplýsingar um starfsemi fyrirtækjanna til viðskiptavina eða samfélagsins.*
- 2. Notkun sömu persónulegu reikninga til að tjá persónulegar skoðanir sínar í samfélagslegri umræðu.*
- 3. Aðskilnað þeirrar notkunar samfélagsmiðla sem getið er í tölulíðum 1 og 2.*

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. apríl 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Björn Gíslason,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Undirritunarsíða

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Björn Gíslason